

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Austur-Húnavatnssýslu.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 6 21. mars 1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., sbr. breytingu með lögum nr. 108/1988, hefur héraðsnefnd yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir eða fjallskilastjórnir, kosnar af hreppsnefndum innan viðkomandi upprekstrarfélaga, annast alla stjórn og framkvæmd á þeim, hver á sínu svæði.

2. gr.

Upprekstrarfélög í Austur-Húnavatnssýslu eru:

1. Upprekstrarfélag Skagahrepps
2. Upprekstrarfélag Höfðahrepps
3. Upprekstrarfélag Vindhælis-og Engihlíðarhrepps
4. Upprekstrarfélag Eyvindarstaðarheiðar
5. Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar
6. Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahrepps.

Hvert upprekstrarfélag sér um leitir og önnur fjallskil innan sinna takmarka. Samningar milli hreppa eða upprekstrarfélaga skulu í fullu gildi, þótt þeir fari að einhverju leyti í bága við þessa skipan, enda hafi þeir verið samþykktir af sýslu- eða héraðsnefnd. Slíkum samningum má ekki breyta nema með samþykki héraðsnefndar og skulu þeir skráðir í sérstaka bók, er héraðs- nefnd geymir og sér um færslu á.

3. gr.

Eigi tveir eða fleiri hreppar aðild að sama upprekstrarfélagi, skulu hreppsnefndir í viðkomandi hreppum vinna sameiginlega að stjórn upprekstrar- og fjallskilamála í upprekstrarfélaginu. Hlutaðeigandi hreppsnefndir skulu eiga fund með sér um ágreiningsmál. Oddviti í þeim hreppi þar sem skilarétt stendur, kveður til þess fundar. Hafi hann ekki orðið við ósk um það innan 14 daga, öðlast aðrir oddvitar í upprekstrarfélaginu heimild til slíkrar fundarboðunar í rétttri röð eftir eignarhlutföllum. Atkvæðisréttur á sameiginlegum fundum skal reiknast á hvern hreppsnefndarmann í hverjum hreppi eftir eignarhlutföllum viðkomandi hrepps í upprekstrarfélaginu og gildir ákvörðun meirihluta. Heimilt er hreppsnefndum að kjósa í stjórn fyrir upprekstrarfélagið, sem fer í umboði hreppsnefnda með sameiginleg málefni og hefur á hendi framkvæmd fjallskila. Sameiginlegur fundur hreppsnefnda ákveður fjölda fulltrúa hvers hrepps í fjallskilastjórn. Þótt hluti afréttarlandsins sé í eigu einstaklings, stofnana eða félagasamtaka, skapar það ekki rétt þeirra til setu í fjallskilastjórn. Fjallskilastjórn kýs sér formann.

4. gr.

Þar sem tvö eða fleiri upprekstrarfélög þurfa að láta smölun fara fram á sama tíma vegna legu afréttarlandsins, skulu oddvitar og/eða fjallskilastjórar viðkomandi hreppsnefnda ákveða sameiginlega smölunartíma.

II. KAFLI

Sameiginleg beitolönd og notkun þeirra.

5. gr.

Land sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í afrétti og heimalönd. Þar sem almenningar (óbyggðir) þurfa hreinsunar við, tekur fjallskilaframkvæmd til þeirra eftir því sem þörf krefur og nánar er fyrir mælt í lögum um fjallskil og samþykkt þessari. Land sem notað er til upprekstrar, en er í eigu annarra aðila en viðkomandi upprekstrarfélags eða hreppa innan þess, fellur undir yfirumsjón fjallskilastjórnar þess hrepps sem landið er í, án tillits til þess hvort eigendur landsins eru búsettir innan hreppsins eða utan hans.

Rétt er sveitarstjórnnum að takmarka upprekstur á minni eða stærri sameiginleg beitarsvæði, enda sé það álit hreppsnefndar og gróðurverndarnefndar, að um ofbeiti á svæðinu sé að ræða.

6. gr.

Upprekstrarrétt eiga þeir einir, sem hafa afnot af jörð eða jarðarhluta innan takmarka upprekstrarfélagsins. Þessi réttur er óframseljanlegur og er öllum óheimilt að taka til upprekstrar sauðfé eða hross af öðrum nema með fullu samþykki viðkomandi hreppsnefndar, sem tekur þá fullt hagagjald. Þó hafa ábúendur upprekstrarrétt fyrir fjallskilaskyldan fénað heimilismanna sinna.

7. gr.

Upprekstri sauðfjár og hrossa í afrétt skal haga í samræmi við ákvarðanir hreppsnefndar. Hreppsnefndir og fjallskilastjórnar í umboði þeirra, að fengnum tillögum gróðurverndarnefndar, skulu ákveða hve snemma sumars má reka á afrétt og mega hlutaðeigendur ekki flytja búfé á afrétt fyrr en hreppsnefndir eða fjallskilastjórnar leyfa það. Reka skal á miðjan afrétt, nema fjallskilastjórnar hafi ákveðið annað. Hrúta, veturgamla og eldri, má eigi reka á afrétt, enda eru þeir undanþegnir fjallskilagjöldum.

Þannig skal reka gegnum heimalönd, að sem minnstur bagi verði að og er hreppsnefnd heimilt að ákveða hverjar leiðir skuli reka á afrétt. Aldrei má, án leyfis eigenda, reka annarra manna fénað á afrétt, nema víst sé að á afrétt eigi að vera.

Ef afréttur er girtur og afréttarfénaður safnast við þá girðingu síðari hluta sumars, skal hreppsnefnd og fjallskilastjóri sjá um, að það búfé verði fjarlægð þaðan.

8. gr.

Setji einhver fénað sinn á afrétt eða geri ráðstafanir til þess að búfénaður hans eigi greiðan aðgang að afrétt áður en hreppsnefnd hefur heimilað upprekstur, varðar það viðurlögum.

Héraðsnefnd eða hreppsnefndir hreppa í viðkomandi upprekstrarfélagi geta og krafist þess að viðkomandi hreppsnefnd láti smala fénaðinum saman og flytja aftur til byggða.

9. gr.

Heimilt er umráðamanni lands, sem verður fyrir ágangi af afréttarfénaði að sumrinu eða fénaði sem á að vera í heimahögum, að kvarta um það til hlutaðeigandi oddvita eða fjallskilastjóra, og skal hann ráðstafa honum á þann hátt er hreppsnefnd ákveður.

Enginn má reka fénað þann, sem úr afrétt gengur, til sveitar eða nágranna.

Enginn má sleppa fénaði sínum á afrétt eftir fyrstu réttir.

10. gr.

Eigi má ónáða búfénað á afrétt eða taka hann þaðan, nema með leyfi sveitarstjórnar og fjallskilastjóra.

III. KAFLI Um fjallskil.

11. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi og hver sem á stóðhross. Skal hver leggja til fjallskil á þann hátt, sem hreppsnefnd ákveður. Fjallskilastjóri metur allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins til peningaverðs og jafnar honumsauðfjár- og stóðhrossabændur upprekstrarfélagsins. Skal jafnt gjald lagt á hvert stóðhross og 5 - 7 kindur. Skyldur er hver húsbóndi að inna af hendi fjallskil fyrir heimilismenn sína og aðra, sem eiga hjá honum fjallskilaskylt búfé. Fjallskilastjóri skal leggja forðagæsluskýrslur til grundvallar niðurjöfnun fjallskila, þó með leiðréttingum vegna vanhalds eða eigendaskipta, sem tilkynning hefur borist um, eigi síðar en 10. júlí.

Heimilt er þó að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda.

12. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjórn getur ákveðið að hross séu ekki rekin á afrétt. Sé þá tillit tekið til þess við álagningu fjallskila.

13. gr.

Skyldur er hver eigandi búfjár að gera fjallskil í þeim hreppi sem hann á heimili. Skal hann gera full fjallskil í þann hrepp sem búfé hans er framfleytt árlangt, þótt hann eigi þar ekki lögheimili, enda er hann þá ekki fjallskilaskyldur þar sem hann á lögheimili.

Nú notar einhver til upprekstrar annan afrétt eða heimaland en þau lönd, þar sem honum ber upprekstur og skal hann þá gera þar full fjallskil, en hálf þar sem hann átti upprekstur. Þó hafa upprekstrarfélög heimild til að gera um þetta sérstaka samninga.

Sá sem notar land utan upprekstrarfélags síns, skal tilkynna það fyrir 10. júlí í heimahreppi sínum.

14. gr.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar nota sama afrétt, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eða fjallskilastjórn eiga fund með sér eigi síðar en í 17. viku sumars, til að semja um hvernig leitum skuli hagað. Oddviti í þeim hreppi, þar sem skilarétt stendur, kveður til þessa fundar. Skal þá hver hreppsnefnd leggja fram skýrslu um tölu fjár og stóðhrossa í hreppunum og fer eftir því hvernig fjallskilin skiptast milli hreppa.

15. gr.

Fjallgöngur skulu hið fæsta vera tvennar haust hvert. Auk þess flugleit, þar sem hún á við. Skal þá smala til réttar víðlend heimalönd, er afréttarfénaður gengur í að jafnaði. Þriðju göngum skal lokið fyrir fjárskiladag. Fjallskilastjórn er heimilt að láta fara fram eftirleitir á afréttarlönd.

16. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal hreppsnefnd (fjallskilastjórn) jafna niður á búfjáreigendur í tæka tíð. Athugasemdir við niðurjöfnunina skal bera fram skriflega fyrir oddvita hreppsnefndar fyrir 20. október.

Upprekstrarfélög skulu hafa sérstakan fjallskilasjóð og renna í hann allar tekjur og úr honum greiðast öll gjöld, sem af fjallskilum stafa og lög ákveða. Reikningar sjóðanna skulu fylgja sveitarsjóðsreikningum til endurskoðunar og úrskurðar.

17. gr.

Hreppsnefnd eða þar til kjörinn maður, er nefnist fjallskilastjóri, kveður hreppsþúa með gangnaboði til fjallskila nægum tíma fyrir göngur. Í gangnaboðinu skal tilgreina nákvæmlega, hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gera fjallskil, sem honum ber, skal hann greiða samsvarandi kostnað, auk sektar í fjallskilasjóð, allt að helmingi af matsverði fjallskilanna.

18. gr.

Fjallskilastjórnir skipa gangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Hann skipar fyrir um tilhögun leitar og stjórnar henni. Skal hann sjá um að fjársöfnin séu rekin til réttar og kveðja menn til að gæta safnsins þar til fénaður er kominn í náttuga eða vökumenn hafa tekið við honum. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum. Gangnastjóra skal greiða sanngjarna þóknun fyrir gangnastjórna.

19. gr.

Gangnastjóri skal minna gangnamenn á að fara vel með sauðfé og hross í göngunum. Komi sauðfé og hross fyrir, sem ekki verður komið lifandi til réttar, skal gangnastjóri ákveða hverju sinni hversu með skuli fara. Óheimilt er að aflífa skepnur í leitum án fyrirsagnar gangnastjóra eða eftir umboði hans nema brýna nauðsyn beri til, svo sem ef skepna er mikið slösuð eða sjúk.

Skylt er gangnastjóra að hafa meðferðis skotvopn í leitum.

Hann skal sjá um að greinilega sé skráð mark þeirra kinda og hrossa sem lógað er, svo og önnur einkenni, svo sem kyn, litur og mark. Slíkri greinargerð skilar gangnastjóri til oddvita upprekstrarfélagsins þegar leitum er lokið.

20. gr.

Nú hafa búfjáreigendur ráð á fleiri mönnum, hefur þá hreppsnefnd eða fjallskilastjórn vald til að kveðja til leitar þann sem hæfastur er, svo og til annarra starfa, er þarf til góðra fjallskila. Sendi einhver mann í göngur, sem sannað er með vottorðum tveggja manna að reynst hafi óhæfur gangnamaður, þá er hann skyldur að borga fjallskilin að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um önnur fjallskil.

21. gr.

Hafi búfjáreigandi engan hæfan mann til fjallskila og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna hreppsnefnd eða fjallskilastjóra það skriflega sex dögum áður en fjallskilin eiga að vinnast, en þessir aðilar útvega mann eða annað sem vantar, svo sem hesta eða fæði, og borgar þá búfjáreigandi allan kostnað, sem af fjallskilum leiðir, án tillits til mats á þeim.

22. gr.

Fjallskilastjórnir skulu sjá um að koma upp hentugum skýlum fyrir menn og hesta á afréttum, þar sem þess er þörf og skal kostnaður greiddast af fjallskilasjóðum.

IV. KAFLI

Smölun heimalanda.

23. gr.

Ábúanda eða eiganda er skylt að smala land sitt svo oft sem hreppsnefnd fyrirskipar, þótt hann eigi þar ekki fjárvon sjálfur. Geri hann það ekki, skal hreppsnefnd láta smala landið á kostnað eiganda.

24. gr.

Fjallskilastjórn skal skipa fyrir um smalanir heimalanda. Þar sem víðlend heimalönd liggja að afrétti, skulu smalanir þessar fara fram undir umsjón manns, sem hún skipar, með samlögum búenda eftir því sem best hagar á hverjum stað og með samvinnu við næstu sveitir þar sem það á við. Allan óskilafénað, sem kemur fyrir, skal fara með samkvæmt ákvæðum fjallskilastjórnar.

V. KAFLI

Um réttun sauðfjár og hrossa.

25. gr.

Skilaréttir eru:

1. Fossárrétt
2. Spákonufellsrétt
3. Skrapatungurétt
4. Hlíðarrétt
5. Stafnsrétt
6. Auðkúlurétt
7. Undirfellsrétt.

Aukaréttir eru:

1. Vindhælisrétt
2. Kirkjuskarðsrétt
3. Sveinsstaðarétt
4. Þórormstungurétt
5. Giljárrétt.

Aðalréttardagar skulu vera sem hér er ákveðið:

Í upprekstrarfélögum Skaga-, Höfða-, Engihlíðar- og Vindhælishrepps sé fyrri rétt sunnudag og mánudag í 22. viku sumars. Síðari rétt sé þar sunnudag í 23. viku sumars. Hlíðarrétt sunnudag í 22. viku sumars. Hlíðarrétt síðari miðvikudag í 23. viku sumars. Í Stafnsrétt skulu hross réttuð miðvikudag í 21. viku sumars. Fyrri Stafnsrétt sé fimmtudag í 22. viku sumars. Síðari Stafnsrétt laugardag í 22. viku sumars. Aðalfjárréttir í Auðkúlu- og Undirfellsréttum séu laugardag í 22. viku sumars. Beri þann dag upp á 16. september eða síðar, skulu réttir færast fram á laugardag í 21. viku sumars. Seinni rétt sé sunnudag tveimur vikum seinna. Hross skulu réttuð sunnudaginn í 23. viku sumars. Heimilt er hreppsnefndum að ákveða smalanir á tilteknum svæðum fyrir venjulegar leitir, ef þurfa þykir og rétta það fé í viðkomandi réttum. Úr slíkum réttum skal úrtíningi komið í góðan haga til næstu réttar. Á afréttum vestan Blöndu skulu þriðju göngur fara fram samtímis og vera lokið fyrir fjárskil. Heimilt er að nota flugvélar til leitar.

Fjárskil vestan Blöndu skulu vera um aðra helgi eftir síðari fjárrétt. Fjárskil austan Blöndu skulu vera um 25. sumarhelgi. Heimilt er hreppsnefndum að gera breytingar á göngum og réttardögum, ef meirihluti fjallskilastjórna í samliggjandi upprekstrarfélögum ákveður og héraðsnefnd samþykkir.

26. gr.

Stjórnir fjallskiladeilda ákveða hver á sínu svæði hvaða lönd smala skuli til hvernar réttar. Rísi ágreiningur út af þeim, sker héraðsnefnd úr.

27. gr.

Hreppsnefnd ber skylda til að sjá um byggingu rétta og sjá um viðhald þeirra.

Nú koma hlutaðeigendur sér ekki saman um, hvernig jafna skal niður kostnaði við að koma upp rétt, og sker þá héraðsnefnd úr.

Við hverja skilarétt skal vera ómerkingadilkur og sérstakur dilkur fyrir sjúkt fé. Ennfremur skulu vera til nægilega margir dilkar fyrir fé úr öðrum sveitarfélögum.

28. gr.

Hreppsnefndir skipa réttarstjóra við hverja rétt og má réttarstjórnin teljast með fjallskilum. Réttarstjóri skal vera kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Skipar hann fyrir hvernig búfjáldrætti skuli hagað og heldur mönnum til starfs. Hann bannar stranglega alla óreglu, er veldur töf við réttarstörfin. Vanræki einhver réttarstörfin, skal réttarstjóri ráða mann til starfans á hans kostnað.

29. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjórn skal skipa einn eða fleiri menn frá hverju dilksfélagi til að vera réttarstjóra til aðstoðar við töfludrátt og yfirleitt við réttarstörfin.

30. gr.

Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar kindur úr safninu eða réttinni strax og þeirra verður vart og einangra þær. Hann skal og annast um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í sér dilk, svo eigendum gefist kostur á að láta lambamæður helga sér þau.

Helgi hryssur eða ær sér ekki ómerkinga, eru þeir eign viðkomandi fjallskilasjóðs, nema að ótvírætt vottorð óvilhallra manna liggi fyrir um eiganda. Enginn má helga sér marklausa kind af fjárbragði.

Að afloknum réttarstörfum afhendir réttarstjóri hreppsnefnd alla ómerkinga til ráðstöfunar, sem ekki hafa fundið mæður. Frá aukaréttum gangi ómerkingar til aðalréttar með öðrum úrtíningi. Réttarstjóri kveður menn til að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrá í fyrstu sem síðari réttum, og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa fyrir en lokið er, nema með leyfi réttarstjóra. Allir fjáreigendur skulu gæta þess að fé þeirra verði ekki eftir í úrtíningi.

31. gr.

Frá hverri aukarétt skulu kvaddir menn til að koma úrtíningi tafarlaust til skilaréttar, svo að hann sé þangað kominn áður en sundurdrætti er lokið.

32. gr.

Í réttum má enginn marka búfénað, án þess hann jafnframt skýri réttarstjóra frá, hverja heimild hann hafi til mörkunar. Réttarstjóri skal samstundis rita hjá sér mark skepnunnar, ef hún er áður mörkuð, og nafn eiganda þess marks, ef þekkist, og afhenda skýrsluna hreppstjóra.

VI. KAFLI

Hirðing sauðfjár og hrossa í utanhreppsréttum.

33. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjórn skal skipa hæfa menn til að fara í réttir og á fjárskil annarra sveita, þar sem helst eru fjársamgöngur, til að hirða þar sauðfé og hross fyrir sveitunga sína. Hafi sá, sem gert er að skyldu að sjá um þau störf, engan hæfan mann til að inna þau af höndum, hefur hreppsnefnd eða fjallskilastjórn vald til að kveðja til þess hvern þann, er hæfastur er í hreppnum, annað hvort í mannaskiptum eða gegn fullu endurgjaldi frá þeim, er skilin átti að vinna. Reynist sá sem sendur er til að hirða fénað utanhrepps, vanhæfur til þessa starfa, gilda um hann ákvæði 20. gr.

34. gr.

Sá maður sem sendur er til að hirða fénað í réttum, á fjárskilum og á öðrum samrekstrardögum annarra sveita, má ekki fara þaðan fyrir en búið er að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrá. Sannist það, að hann láti verða eftir sauðfé eða hross sveitunga

sinna, sem eru með glöggu, skrásettu marki, varðar það sektum og skaðabótum, nema málsbætur séu.

Hreppsnefnd ákveður hvert reka skuli eða flytja fénað þennan og hvernig haga skuli skilum á honum.

VII. KAFLI Smölun og réttum hrossa.

35. gr.

Í síðari göngum á haustum skal, ásamt sauðfé, smala stóðhrossum af afréttum og heimalöndum og rétta þau í síðari rétt.

Til Stafnsréttar skal þó smala hrossum í fyrri göngum og skulu þau hross sem ekki eru hirt, seld að aflokinni stóðrétt. Auk þess skal fara fram almenn smölun á hrossum 20. október og fyrsta þriðjudag í desember og febrúar, en sé sá dagur helgur eða veður hamli, skal smala næsta færan dag. Skal þá í hverjum hreppi fara fram sundurdráttur á öllum hrossum sem koma fyrir, á þeim stöðum, sem hreppsnefnd ákveður. Þau hross sem ekki þekkjast og enginn hirðir, skal fara með sem óskilafénað í seinni rétt, sbr. 37. gr.

Takist sala ekki og telji tveir menn, tilkvaddir af hreppstjóra, hross ekki fóðurtækt, má selja það án innlausnarfrests. Að öðrum kosti ber hreppsnefnd að annast geymslu og fóðrun slíkra hrossa næstu átta vikur gegn fullu endurgjaldi frá eiganda. Eftir þann tíma má selja þau án innlausnarfrests.

36. gr.

Stóðhross skulu dregin í sundur í aukaréttum og skilaréttum. Skal úrtíningur sá er verður í aukaréttum rekinn tafarlaust til aðalréttar. Meðan á réttum stendur skal réttarstjóri gæta þess að hryssum gefist kostur á að helga sér folöld og skal hann kappkosta að haga allri meðferð á hrossunum þannig, að ekki hljóti slys af.

VIII. KAFLI Meðferð óskilafénaðar.

37. gr.

Eftir að töfludrætti er lokið, skal afhenda hreppstjóra úrtíningshross til sölu þegar í stað, í þeim hreppi, þar sem skilarétt stendur. Skal hreppstjóri skrásetja mark, lit, aldur og auðkenni hverrar skepnu, sem seld er, eftir lýsingu tveggja markglöggra manna, er réttarstjóri hefur þar til skipað, svo rétt og ákveðið sem framast má verða. Ef marklýsingamenn greinir á, sker hreppstjóri úr ágreiningnum. Marklýsingamenn fá hæfilega þóknun fyrir starf sitt eftir mati hreppsnefndar. Enginn sem ekki er öðrum háður, getur skorast undan þeim starfa nema hann hafi gild forföll. Við sölu hrossa sé tólf vikna innlausnarfrestur eftir söludag.

Óskilafénaður sem seldur er með innlausnarfresti, er í vöktun kaupanda, en ekki á ábyrgð hans fyrr en að innlausnarfrestinum liðnum. Borgun fyrir geymslu og haga þess fénaðar, ber eiganda að greiða, ef innleystur er. Hreppsnefndir annast innheimtu á verði alls óskilafénaðar, sem fargað er og gera skilagrein fyrir því, sem fylgir sveitarreikningnum.

38. gr.

Þær óskilakindur sem koma fyrir eftir fjárskiladag, skal hreppsnefnd sjá um að eigendum gefist kostur á að hirða, séu þeir í næstu hreppum, annars skal ráðstafa þeim sem öðru óskilafé. Finnist óskilafé í fé manna eftir að fé er almennt tekið til hýsingar, skal eiganda gert aðvart, sé hann í næstu hreppum innan sama fjárskiptasvæðis.

39. gr.

Komi óskilahross fyrir eftir smölun í febrúar, skal landráðandi gera hreppsnefnd tafarlaust aðvart, er hrossin finnast. Latur hún síðan skoða mörk þeirra og skrifa upp lýsingu á þeim og auglýsa, ef þörf krefur. Skal landráðanda skylt að annast hrossin til söludags án endurgjalds nema hann þurfi að taka þau á gjöf, þá gegn hæfilegri borgun fyrir fóður. Þetta gildir þó ekki, ef landráðandi getur sannað að hrossin hafi ekki verið í landi hans við febrúarsmölun. Tekur hreppsfélagið þá við skyldum landráðanda, nema sannað verði að þau hafi verið í annars manns landi, sem þá ber kostnaðinn.

Takist sala ekki, fer um hrossin eins og segir í 35. gr. Skulu hreppsnefndir strax yfirfara nákvæmlega lýsingar þessar og láta hreppsbúa vita, ef líkur eru til að þeir eigi nokkuð af hinum seldu hrossum. Hross skal þó einnig auglýsa í útvarpi og tilgreina kyn, mark, aldur, lit og önnur auðkenni, ásamt innlausnarfresti.

40. gr.

Af andvirði óskilafénaðar greiðist:

1. Gæslukostnaður
2. Sölu- og vottalaun (sölulaun og vottalaun)
3. Auglýsingakostnaður
4. Fundarlaun eða björgunarlaun.

Að öðru leyti greiðist andvirði fénaðarins til eigenda, ef þeir sanna eignarrétt sinn innan innlausnarfrests. Annars fellur verðið í fjallskilasjóð upprekstrarfélagsins.

Finnist hross eða sauðfé óheimt á afréttum, eftir að eftirleitir hafa farið fram, skulu fjallskilasjóðir upprekstrarfélaga greiða sanngjörn björgunarlaun eftir mati fjallskilastjórnar.

IX. KAFLI

Um sauðfjár- og hrossamörk.

41. gr.

Búfé skal draga eftir mörkum. Það er skylda hvers búfjáreiganda að hafa glöggst eyrnamark á öllu fé sínu, hreppsbrennimark á hyrndu fé eða plötumerki í eyra. Héraðsnefnd skal svo oft sem þurfa þykir, og a.m.k. áttunda hvert ár, láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna. Skal sérhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það eftir því sem héraðsnefnd ákveður, en hvert heimili skal fá ókeypis eitt eintak af markaskránni. Mark helgar markeiganda eignarrétt, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi. Búfé sem ekki ber rétt mark manns, er heimildarlaust að draga sér, þótt lítið vanti á fullt mark.

Ef kind hefur eyrnamark eins manns en brennimark annars, þá skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarksins krefst, gera grein fyrir, hvernig hann hafi eignast kindina. Kind sem hefur eyrnamark eins manns, brennimark annars og plötumerki hins þriðja, skal talin eign þess sem brennimarkið á. Þó geta eigendur hinna markanna krafist þess að hann geri grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina. Nú er kind ómörkuð eða með óglöggu marki og einhver vill eigna sér hana af líkum, þá skal hann skýra hlutaðeigandi hreppstjóra frá. Hreppstjóri kveður þá til tvo óvilhalla menn, er skulu, ásamt honum, skoða kindina og meta líkur þær og ástæður, er hann hefur til síns máls.

Þessi ákvæði ná ekki til ómerkinga, sem ær helga sér.

Hross skulu, eins og sauðfé, hafa glöggst markeinkenni, er skráð sé í markaskrá sýslunnar. Komi hross fyrir með óglöggu marki eða skemmdum eyrum, sem einhver vill helga sér, þá gilda um það sömu reglur og fyrir er mælt í grein þessari um sauðfé með óglöggu marki.

42. gr.

Marklýsingarnefnd skal skipuð þremur mönnum, markaverði sýslunnar og tveimur mönnum skipuðum af sýslumanni eftir tilnefningu héraðsnefndar og tveimur til vara. Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Nefndin kysir formann. Þóknun til nefndarmanna greiðist úr viðkomandi fjallskilasjóði, annar kostnaður eftir úrskurði nefndarinnar.

43. gr.

Enginn má taka upp mark, er líkist svo mörkum sem eru í markaskrá sýslunnar eða nærliggjandi sýslna, að ætla megi að valdi misdrætti. Mikil særingarmörk má ekki taka upp né heldur þau mörk sem vandkvæði er á að marka svo glögg sé. Fleiri en tvær undirbenjar má ekki hafa sömu megin á eyra.

Verði ágreiningur með markaverði og markeiganda eða þeim, er vill taka upp nýtt mark, má vísa þeim ágreiningi til markanefndar skv. 69. gr. laga nr. 6 21. mars 1986. Héraðsnefnd skal ráða mann til að annast undirbúning að prentun markaskrár fyrir sýsluna, og kallast hann markavörður. Skal hann gæta þess að ekki séu tekin upp ný mörk sem notuð eru í héruðum sem búast má við samgöngum við.

Nú vill maður taka upp nýtt mark milli þess sem ný markaskrá er prentuð, og skal hann þá snúa sér til markavarðar og fá samþykki hans til að taka upp markið. Markavörður tilkynnir hreppstjórum í nærliggjandi hreppum um markið og auglýsir það í Lögbirtingablaði.

Enginn má nota mark, nema það sé prentað í markaskrá sýslunnar eða tilkynnt af markaverði. Markavörður skal fá þóknun fyrir starf sitt. Þeir sem taka upp ný mörk milli þess sem markaskrá er prentuð, skulu greiða kostnað við tilkynningu þeirra. Sama gildir um mörk þeirra, sem flytjast inn í sýsluna, milli þess er markaskrá er prentuð og ný mörk.

Brennimörk hreppanna eru:

- | | |
|-------------------------------|---------------------------|
| 1. Vindhælishreppur H 1 | 6. Svínavatnshreppur H 4 |
| 2. Höfðahreppur H 1a | 7. Torfalækjarhreppur H 5 |
| 3. Skagahreppur H 1b | 8. Blönduóshreppur Blós |
| 4. Engihlíðarhreppur H 2 | 9. Sveinsstaðahreppur H 6 |
| 5. Bólstaðarhlíðarhreppur H 3 | 10. Áshreppur H 7 |

X. KAFLI

Eftirlit, rekstur og flutningur búfjár á bílum.

44. gr.

Óheimilt er að reka hóp búfjár á vegum í þéttbýli nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til. Utan þéttbýlis má reka búfjárhópa eftir vegum, en rekstrinum skulu fylgja nægilega margir gæslumenn, og ef vænta má umferðar ökutækis um veginn, skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir. Fénu skal vikið fljótt og greiðlega út af veginum, ef þess er þörf vegna annarrar umferðar. Nú er vegi lokað um tíma fyrir bílaumferð vegna fjárekstra, skulu þá allir sem reka þurfa fé þá leið gera það á þeim tíma sem veginum er lokað.

45. gr.

Verði rekstrarmenn sannir að því að hafa tekið fé annarra í reksturinn eða á bíl heimildarlaust, skal rekstrarstjóri bæta eigendum það að fullu eftir samkomulagi eða eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður kveður til, ef með þarf.

46. gr.

Þegar búfé er flutt á tengivögnum, skulu þeir þannig útbúnir, að gólf sé lárétt, þegar tengt hefur verið í dráttartækið á jafnsléttu. Taki vagn fleiri en 15 kindur, skal setja þvergrind í hann, þannig að ekki verði fleiri en 15 kindur í hólf. Tengsli milli dráttartækis og vagns skulu vera traust. Grindur skulu vera það háar, að fé komist ekki yfir. Á gólf vagns skal setja sand eða gera það stamt með öðrum hætti.

47. gr.

Í hverju sláturhúsi skal láta samviskusaman mann skoða mark á öllu sauðfé og hrossum sem slátrað er. Skal hann gæta þess að réttir aðilar séu við slátrun búfjár og skrifa hjá sér mark og einkenni, ef vafi þykir um eiganda. Komi fram við slátrun kind með vafasömu marki, skal kveðja til, auk markaskoðunarmanns, tvo menn valda af eigendum sláturhúsa á staðnum, og skulu þeir úrskurða um mark á kindinni ef unnt er, áður en henni er lógað. Þeim úrskurði má áfrýja til marklýsingarnefndar, enda verði það gert strax, eða þegar eftir að hlutaðeigandur hafa fengið að vita um niðurstöðu marklýsingarmanna. Ef úrskurði er áfrýjað eða ef ekki fæst úr því skorið strax, skal varðveita haus kindarinnar og leggja afurðir af henni inn á sérstakan reikning. Sömu ákvæði gilda um hross.

XI. KAFLI

Um hirðingu og vörslu búfjár.

48. gr.

Á hverri jörð skulu vera til hús yfir búfé, einnig það búfé sem er í umsjá ábúanda, þótt annar eigi, en ábúandi ber ábyrgð á öllum fénaði, sem hann tekur í land jarðarinnar.

49. gr.

Fóðurbirgðir skulu vera nægar fyrir áhöfn hverrar jarðar, þar með taldar þær skepnur, sem ábúandi á ekki, en hefur í sinni umsjá á jörðinni. Komist fóðurskoðunarmenn að því að fóður vanti, skulu þeir tilkynna hreppsnefnd það, sem þá gerir þær ráðstafanir, sem koma að gagni.

Komist menn í heyprot, eða búfé er vanfóðrað, skal hreppsnefnd láta bæta úr því á kostnað eiganda. Séu skepnur það langt leiddar að þeim verði ekki bjargað, að álitu dýralæknis, skal þeim lógað. Sé um að kenna hirðuleysi eiganda, skal hann sektaður.

50. gr.

Hrútar mega ekki ganga lausir í haga eftir 3. nóvember. Stóðhestar skulu hafðir í öruggri vörslu allt árið.

Valdi hross ágangi frá því þau koma af fjalli og þar til þau eru rekin í afrétt, skal eigandi sækja þau og koma þeim fyrir í heldum girðingum. Hafi ábúandi tekið hross í hagagöngu eða á hans vegum eru óhagvön hross og þau valda ágangi, skulu þau tekin á hús, ef ekki er hægt með öðru móti að koma í veg fyrir ágang. Sama gildir ef hross leggjast á hey eða garða eða valda ágangi við hýbýli manna.

51. gr.

Ef eigandi sauðfjár og hrossa, sem ágangi valda, reynir ekki að stemma stigu við áganginum eftir að honum hefur verið tilkynnt um hann, má ágangspoli taka skepnurnar í sína vörslu og verður þá eigandi að greiða kostnað við smölun og gæslu þeirra. Ágangspoli hefur haldsrétt í viðkomandi skepnum til tryggingar kostnaði öllum og skaðabótum, enda sé hvorutveggja í hóf stillt. Eiga úttektarmenn að úrskurða, ef ágreiningur verður, en viðkomandi hreppstjórar, ef deilan nær til fleiri hreppa. Úrskurðinum má áfrýja til héraðsnefndar. Hreppsnefnd er skyld að veita ágangspola allan stuðning og hefur sama rétt og hann, ef hún sér um að taka ágangsfénað í sína vörslu.

52. gr.

Eigendur skulu gæta fénaðar sem fer úttektarhæfar girðingar. Geri þeir það ekki þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir, má taka fénaðinn og selja fyrir áföllnum kostnaði og skaðabótum. Um þessi tilvik gilda að öðru leyti ákvæði 51. gr.

XII. KAFLI
Refsiákvæði, gildistaka o.fl.

53. gr.

Sýslumaður sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Þá heyrar undir úskurð hans allar kærur og kröfur á hendur sveitarstjórnnum, er snerta fjallskilamál. Enn fremur geta einstakir aðilar lagt slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslumanns.

54. gr.

Með mál er rísa út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála. Brot gegn samþykktinni varða sektum, nema þyngri refsing liggir við eftir öðrum lögum.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., og búfjárræktarlögum nr. 31 24. apríl 1973, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl. nr. 177/1971.

Landbúnaðarráðueytið, 4. janúar 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 432/1987 um starfsheiti og starfsréttindi
matvælafræðinga með breytingu nr. 163/1988.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði er heiti ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er ráðherra heimilt til ársloka 1989 að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 1. gr., að veita starfsleyfi einstaklingum, sem gegndu störfum matvælafræðinga, sbr. 3. gr. við gildistöku reglugerðar nr. 432/1987, enda sé menntun þeirra og starfsreynsla jafngild því sem áskilið er í 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. janúar 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Endurprentað blað.